



Hundrað ára heimastjórnin

Með stjórnarskránni 1874 var löggjafarvaldið fært í hendur Alþingis Íslendinga. En það voru ekki allir landsmenn sáttir við að framkvæmdavaldið væri enn í höndum danskra ráðamann.

Fljótlega komu því fram hugmyndir um að færa það í hendur Íslendinga enda hafði gengið á ýmsu í samskiptum Alþingis og þess ráðherra sem fór með Íslandsmál. Skömmu fyrir aldamótin 1900 kom þíða í samskiptin og þá lagði ungur þingmaður, Valtýr Guðmundsson, fram hugmyndir sínar um að ráðherraembættinu gegndi íslenskur maður þó að staðsetning þess yrði áfram í Kaupmannahöfn. Ekki voru allir sammála þessu og skiptist Alþingi í tvær fylkingar, Valtýinga og andvaltýinga sem síðar kynntu sig sem heimastjórnarmenn. Þeir töldu það ekki nægja að ráðherrann væri íslenskur heldur yrði hann jafnframt að sitja á Íslandi en í Kaupmannahöfn sæti fulltrúi með ráðherratign við hlið konungs. Tekist var á um málið í kosningum árið 1900. Fór svo að frumvarp Valtýinga var samþykkt á Alþingi og í kjölfarið fór Valtýr til Kaupmannahafnar með þá von í brjósti að verða skipaður ráðherra Íslands. En heimastjórnarmenn voru ekki á þeim buxunum að gefast upp og sendu sinn fulltrúa til hafnar - manninn sem hafði samið frumvarp þeirra um heimastjórn. Þessi fulltrúi var þingmaður og sýslumaður Ísfirðinga - Hannes Hafstein.

Í Danmörku höfðu orðið mikil umskipti, til valda var komin ríkisstjórn sem studdist við Vinstriflokkinn og þar með hillti undir þingræði í Danmörku. Þegar þeir Valtýr og Hannes komu til Hafnar var því allt annar tónn í mönnum en verið hafði - nýir ráðamenn sáu ekkert því til fyrirstöðu að ráðherra sæti á Íslandi og töldu enga þörf á því að fulltrúi Íslendinga sæti við hlið konungs í Kaupmannahöfn. Heimastjórnarmenn höfðu því borið sigur úr bítum enda málum þannig háttað á Alþingi að Hannes talaði í raun fyrir munn meirihluta þingmanna þrátt fyrir að frumvarp Valtýs hefði verið samþykkt. Svo fór að nauðsynlegar stjórnarskrárbreytingar voru samþykktar á þinginu og var Hannes Hafstein skipaður ráðherra og tók við embætti þann 1. febrúar 1904.



Brjefspjald / Útg. Ó. Ólafsson / Skjalasafnið á Ísafirði.



Skort / Skjalasafnið á Ísafirði.

Hannes Hafstein

fyrsti ráðherra Íslands 1904

Hannes Hafstein fæddist á Möðruvöllum í Hörgárdal árið 1861. Þjóðhátíðarárið 1874 hóf hann nám í Lærða skólanum í Reykjavík og sóttist námið vel. Hann tók að yrkja á skólaárunum og mun hugur hans frekar hafa staðið til skáldskapar og gleði en til þjóðmála sem á þessum tíma voru umbrotasöm. Hann lauk stúdentsprófi 1880, hélt til Kaupmannahafnar til að nema lög og útskrifaðist með embættispróf árið 1886.

Hannes þótti fríður maður, fjörlegur og með mikla persónutöfra enda var haft eftir Valtý Guðmundssyni að Hannes hefði "drepíð sig (þ.e. Valtý) með glæsímennskunni" þegar þeir gengu á fund danskra stjórnvalda. Hannes var skipaður sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði árið 1895. Hann tók við embættinu vorið 1896 og fluttist þá með fjölskyldu sína í svonefnt Fischerhús á Ísafirði sem síðar var kennt við Mánakaffi og stendur við Mánagötu 1.

Ástandið á Ísafirði var ekki mjög uppörvandi á fyrstu árum Hannesar í embætti enda Skúlamál í hámarki og var haft eftir Hannesi síðar að hann hefði beinlínis kalið sín fyrstu ár vestra. Hann var þó ekki lengi að vinna hug og hjörtu þorra bæjarbúa enda þótti hann skörulegur embættismaður og tók virkan þátt í félagslífinu í kaupstaðnum. Hann beitti sér fyrir ýmsum góðum málum í bænum, m.a. lagninguvatnsveitunnar.

Þegar Hannes flutti til Ísafjarðar var hann þegar orðinn þekkt og vinsælt ljóðskáld og eitt og annað samdi hann hér vestra. Þekktast mun aldamótakvæðið sem hann flutti í fyrsta sinn á aldamótahátíð Ísfirðinga. En hugur hans stóð æ meira til stjórnmalavafstur og svo fór að hann bauð sig fram til þings árið 1900 og sat sem þingmaður Ísfirðinga árið 1901. Hann var þá í forystu heimastjórnarmanna en féll af þingi árið 1902 og tók ekki þá áhættu að bjóða sig aftur fram hér vestra. Hann gerðist þingmaður Eyfirðinga 1903 og hélt sæti sínu í rúman áratug.

Hannes var skipaður ráðherra 13. nóvember 1903 og í frétt sem birtist af þessu tilefni í blaðinu Vestra, sem gefið var út á Ísafirði, segir m.a.:

Vér óskum H. Hafstein til heilla og hamingju í þessari veglegu og vandsömu stöðu, og treystum því fastlega að hinir góðu, fjölhæfu hæfileikar hans, kjarkur fjör og starfsþrek, komi nú landi voru og þjóð að happasælum notum og að honum takist að leiða málefni vor í æskilegt horf inn á braut framfaranna, velmegunar, gæfunnar og frelsisins.

Bæjarbúar samglöddust Hannesi og héldu honum veglegt samsæti þar sem dansað var til morguns. Gleði heimamanna var þó tregablandin enda sáu þeir um leið af baki vinsælu yfirvaldi. Hannes Hafstein lést í desember árið 1922.



Um borð í „Islands Falk“

Fremri röð: Árni Jónsson faktor, Hólmsfríður Þorvaldsdóttir, Ragnheiður og Hannes Hafstein.

Fyrir aftan standa m.a.: Middebro skipstjóri fyrir miðju



Valtýr Guðmundsson

höfundur heimastjórnarinnar

Þótt Hannes Hafstein hafi orðið fyrir valinu sem fyrsti íslenski ráðherrann, þá er það skoðun margra að Valtýr Guðmundsson hafi verið hinn raunverulegi höfundur heimastjórnarinnar.

Valtýr fæddist á Árbakka á Skagatrönd 11. mars 1860. Foreldrar hans voru ekki giftir og var Valtýr fyrstu fimm ár ævi sinnar með föður sínum, Guðmundi Einarssyni, en þegar hann lést árið 1865 var Valtý komið fyrir hjá vandalausum. Sex árum síðar flutti hann til móður sinnar og stjúpföður, þeirra Valdísar Guðmundsdóttur og Símonar Símonarsonar. Dvöl hans þar varð þó skammvinn, því hann strauk að heiman "berhöfðaður og á nærbrókinni" árið 1873. Næsta ár fluttu móðir hans og stjúpi vestur um haf en Valtýr vildi ekki fara með þeim þangað. Var hann á hrakhólum um hríð en stundaði kaupavinnu og ýmis störf hér og þar. Árið 1876 fór hann í nám til sr. Páls Sigurðssonar á Hjaltabakka og árið eftir hóf hann nám við Lærða skólann í Reykjavík. Kostaði hann nám sitt af dálitlum arfi sem hann fékk eftir föður sinn, sem þó var ekki meiri en svo að hann varð alla tíð að vinna með náminu. Sumarið 1883 sigldi Valtýr til náms í Kaupmannahöfn, lauk meistaraþrófi í norrænum fræðum árið 1887 og doktorsþrófi tveimur árum síðar. Árið 1890 varð hann dósent við Kaupmannahafnarháskóla og prófessor árið 1920. Valtýr Guðmundsson lést árið 1928.

Á námsárunum í Höfn var Valtýr rammpólitískur, líkt og tíðkaðist á meðal stúdenta og menntamanna þess tíma. Hann studdi sjálfstæðiskröfur Íslendinga heilshugar en taldi að efnahagslegar framfarir væru forsenda sjálfstæðis þjóðarinnar. Margt bendir til þess að stefna Valtýs gagnvart sambandinu við Dani, Valtýskan, hafi tekið að mótast haustið 1894 og var meginhugmynd hans sú að slá í bili af ýrtruðu kröfum og reyna að ná fram málum í áföngum. Mestu skipti að fá sérstakan ráðgjafa, sem aðeins myndi sinna málefnum Íslands og væri ábyrgur gagnvart Alþingi.

Næstu ár vann Valtýr frekar í málinu og átti m.a. marga fundi með Johannes Nellesmann, Íslandsráðgjafa dönsku stjórnarinnar. Árið 1897 lagði Valtýr fram á Alþingi frumvarp um breytingu á stjórnarskrá Íslands þar sem m.a. var kveðið á um að íslenskur ráðgjafi færi með framkvæmdavaldið. Hvergi var minnst á búsetu ráðgjafans í frumvarpinu, en allir vissu að hægristjórnin í Danmörku væri ófánleg til að fallast á að hann byggi annars staðar en í Kaupmannahöfn.



Ljósmynd: <http://www.heimastjorn.is>



Postkort: Skjalasafnið á Ísafirði



Valtýr Guðmundsson

nofundur heimastjórnarinnar

Ekki var frumvarpi Valtýs tekið fagnandi af öllum og féll það tvisvar á þingi áður en það var loks samþykkt árið 1901. Þá urðu hins vegar þær breytingar á stjórninni í Kaupmannahöfn sem urðu til þess að hugmyndir heimastjórnarmanna um ráðgjafa með búsetu á Íslandi fengu byr undir báða vængi. Danska stjórnin lét greiða atkvæði um málið upp á nýtt á Alþingi 1902 og var þá valið á milli tveggja frumvarpa. Annars vegar var það frumvarp Valtýs, sem áður hafði verið samþykkt, þar sem ekki var kveðið sérstaklega á um búsetu ráðgjafans, en hins vegar var frumvarp sem var samhljóða hugmyndum Valtýs nema að þar var kveðið sérstaklega á um að ráðgjafinn yrði staðsettur á Íslandi og að Íslendingar bæru sjálfir kostnaðinn af rekstri embættisins. Í raun var kosið um þessi frumvörp í Alþingiskosningunum 1902 og unnu heimastjórnarmenn mikinn sigur. Svo undarlega vildi þó til að foringjar fylkinganna tveggja, Valtýr Guðmundsson og Hannes Hafstein, féllu báðir. Þeir komust þó aftur inn á þing í kosningum árið eftir og undir árslok 1903 var Hannes Hafstein skipaður ráðherra og skyldi taka við embætti 1. febrúar 1904.

Ljóst er að Valtý sveið það sárt að tapa í kapphlaupinu um ráðherrastólinn enda áleit hann, með nokkrum rétti, að það væri fyrst og fremst fyrir tilstilli sína og stuðningsmanna sinna að málum hafði verið þokað svo mjög til bóta fyrir Íslendinga. Í bréfi sem Valtýr skrifaði Símoni stjúpföður sínum Símonarsyni 14. desember 1903 má glöggt sjá gremjuna:

Það er nú afráðið, að Hannes Hafstein verður ráðgjafi, samkvæmt ósk meirihluta þingmanna. Þetta lítur skítilega út, þar sem maðurinn hefur ekkert afrekað í pólitík, en nýlega dæmdur í yfirrétti fyrir misbeiting á embættisvaldi sínu. Hans pólitíski lífsferill er þessi: Hann bauð sig fram í Reykjavík hér um árið, en féll þar; svo bauð hann sig fram í Gullbringu- og Kjósarsýslu, en féll aftur. Svo varð hann yfirvald á Ísafirði og kjörstjóri og tókst þá með valdaáhrifum og peningaaustri að ná kosningu 1901, en þó aðeins með því móti að hann lofaði að styðja okkar prógramm bæði í stjórnarskrármálinu og bankamálinu. En hann sveik hvorttveggja, er á þingið kom, og fyrir það höfnuðu kjósendur honum við næstu kosningar 1902. Svo náði hann aftur kosningu í vor í Eyjafirði fyrir aðstoð frænda síns, konsúls J. Havsteens, sem hefur fjölda kjósenda þar bundna á verzlunarklafa og með dæmafáum peningaaustri. Hann hefur þannig setið á einum tveimur þingum (1901 og 1903) og á þeim er ekki hægt að benda á eitt einasta atriði, sem hann hafi afrekað, ekki átt upptök að einu einasta máli. Hvernig stendur á því, að hann skuli verða ráðgjafi? Jú, embættismannaklikkan í Reykjavík var svo hrædd um að ég yrði ráðgjafi, enda lá það við borð, því Alberti hafði sjálfur sagt mér, að það væri meining stjórnarinnar, að ég ætti að verða það. En nú sá embættismannaklikkan í hendi sér, að við mig mundi hún engu ráða, og því var um að gera að hindra það og fá einn af sínum mönnum í ráðgjafasessinn. Og þá var enginn betur fallinn fyrir hana en H. Hafstein, því hann er ýmist tengdur eða skyldur þeim hér um bil öllum saman. Hann var gegnum konu sína tengdur landshöfðingja, hann var bróðursonur amtmannssins (J. Havsteen), systursonur bankastjórans (Tryggva Gunnarssonar), mágur landlæknisins (J. Jónassen, sem er giftur systur H. Hafsteins), náfrænda Eiríks Briems prestaskólakennara, mágur Lárusar sýslumanns Bjarnasonar o.s.frv. Þessir menn vildu því umfram allt hafa hann og þeir beittu öllum brögðum til þess að fá sem flesta þingmenn til að biðja um hann og notuðu til þess bæði embættisvaldið og bankavaldið.

Heimildir: Helgi Skúli Kjartansson, Ísland á 20. öld. Ritstjóri: Illugi Jökulsson, Ísland í aldana rás 1900-1950.

Jón Þ. Þór, Saga Ísafjarðar. Jón Þ. Þór: „Höfundur heimastjórnar“ Morgunblaðið 1. febrúar 2004.

Dr. Valtýr segir frá Finnur Sigmundsson bjó til prentunar Reykjavík 1964.

